

Ár 2010, fimmtudaginn 1. júlí, er á dómþingi Héraðsdóms Suðurlands, sem háð er að Austurvegi 4, Selfossi, kveðinn upp dómur í máli nr. E-1011/2009:

**Fóðurblandan hf.**

*(Anton Björn Markússon hrl.)*

**gegn**

**Páli Vigni Viðarssyni**

*Björgvin Þorsteinsson hrl.)*

**og gagnsök.**

Mál þetta, sem dómtekið var 18. maí sl., er höfðað með stefnu birtri 5. október sl. Gagnsök er höfðuð með stefnu birtri 16. febrúar sl.

Aðalstefnandi er Fóðurblandan hf., kt. 000000-0000, Korngarði 12, Reykjavík.

Aðalstefndi er Páll Vignir Viðarsson, kt. 000000-0000, Goðalandi, 861 Hvolsvelli.

Endanlegar dómkröfur aðalstefnanda eru þær að aðalstefndi greiði aðalstefnanda 1.895.769 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1.mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. desember 2008 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Endanlegar dómkröfur aðalstefnda eru þær að honum verði einungis gert að greiða aðalstefnanda 100.000 krónur og málskostnaður verði felldur niður.

Í gagnsök gerir gagnstefnandi þær kröfur að gagnstefndi verði dæmdur til greiðslu vangoldinna launa og orlofslauna að fjárhæð 1.394.516 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 434.149 krónum frá 1. maí 2008 til 1. júlí sama ár, frá þeim degi af 788.599 krónum til 1. ágúst sama ár, frá þeim degi af 1.143.049 krónum til 1. september sama ár og frá þeim degi af stefnufjárhæð til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Gagnstefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum gagnstefnanda en til vara að dómkröfur hans verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann málskostnaðar að mati dómsins.

**Málavextir.**

Aðalstefndi lýsir málsatvikum svo að hann hafi hafið störf hjá aðalstefnanda árið 2004 og hafi hann fljótlega verið gerður að verslunarstjóra í verslun

aðalstefnanda á Hvolsvelli. Með bréfi dagsettu 30. maí 2008 hafi aðalstefnda verið sagt upp gildandi ráðningarsamningi en áður hafi honum verið veitt áminning í starfi. Hafi uppsögnin miðast við 31. maí sama ár og uppsagnarfrestur þrjú mánuðir. Hafi aðalstefndi verið leystur undan vinnuskyldu í uppsagnarfresti og hafi hann því látið af störfum 31. maí sama ár. Aðalstefnandi segir ástæður uppsagnarinnar margvíslegar, starfsmannaumsjón og verkstýringu hafi verið ábótavant og þá hafi leikið sterkur grunur á því að aðalstefndi hefði gerst sekur um alvarleg brot í starfi. Hafi rannsókn á bókhaldi aðalstefnanda og einstökum þáttum í starfsemi verslunarinnar leitt í ljós að grunur aðalstefnanda hafi verið á rökum reistur og með bréfi dags. 26. júní sama ár hafi aðalstefnda verið gefinn kostur á því að gera nánari grein fyrir tilteknum atriðum sem vörðuðu starf hans. Hafi verið tekið fram að léti aðalstefndi undir höfuð leggjast að veita umbeðnar upplýsingar ætti aðalstefnandi ekki annarra kosta vöð en að kæra hann til lögreglunnar. Aðalstefndi hafi gefið skýringar í bréfi dags. 8. júlí sama ár en aðalstefnandi hafi talið þær með öllu ófullnægjandi. Aðalstefnandi hafi krafist þess með bréfi dags. 7. nóvember sama ár að aðalstefndi endurgreiddi honum fjárhæð sem svaraði til þeirrar fjárhæðar sem upplýst hafi verið að aðalstefndi hafi tekið úr rekstrinum og ráðstafað í eigin þágu. Næðist ekki samkomulag yrði mál aðalstefnanda kært til lögreglu. Aðalstefndi hafi alfarið hafnað greiðsluskyldu sinni og í kjölfarið hafi málið verið kært til lögreglu 17. nóvember sama ár.

Ákæra mun hafa verið gefin út á hendur aðalstefnda 3. júní 2009 og var dómur kveðinn upp í héraði 11. nóvember sama ár. Ákæran var í sjö liðum en samkvæmt dóminum var aðalstefndi sakfelldur fyrir þrjú ákæruliði en sýknaður af fjórum ákæruliðum. Nánar tiltekið var aðalstefndi sakfelldur fyrir þjófnæð með því að hafa tekið 15 tonn af gölluðum áburði hjá fyrirtækinu og nýtt í eigin þágu án þess að greiða fyrir hann. Þá var hann einnig sakfelldur fyrir tvö fjárdráttarbrott með því að hafa í tvö skipti mótttekið greiðslu að fjárhæð 100.000 krónur í hvort sinn inn á reikning fyrir barnafjórthjól, sem kaupendur fengu send, án þess að hafa gert skil á peningum við aðalstefnanda, eiganda þeirra. Refsing aðalstefnanda var ákveðin þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi. Þessi dómur var staðfestur í Hæstarétti 11. mars 2010.

Í gagnsök er gerð grein fyrir launakjörum gagnstefnanda og kemur þar fram að umsamin laun hans hafi upphaflega verið 310.000 krónur auk 26.000 króna bifreiðastyrks. Eftir gildistöku kjarasamnings Verkstjórasambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins 1. febrúar 2008 hafi laun stefnanda hækkað um 5,5% og hafi mánaðarlaun hans því á þeim tíma verið 327.050 krónur auk 27.400 króna bifreiðastyrks. Í uppsagnarbréfi hafi gagnstefnanda verið tilkynnt að ógreitt orlof félli inn í uppsagnarfrest og yrði því ekki greitt sérstaklega.

### **Málsástæður og lagarök aðalstefnanda.**

Í aðalsök byggir aðalstefnandi skaðabótakröfu sína á almennu skaðabótareglunni og telur hann aðalstefnda hafa valdið aðalstefnanda tjóni með saknæmum og ólögum hætti í skilningi reglunnar. Hann hafi vísitandi og af ásetningu dregið sér fé frá stefnanda er hann hafi starfað þar sem verslunarstjóri og

Því valdið aðalstefnanda umtalsverðu fjárhagslegu tjóni. Hafi skráning vegna viðskipta og reikningar frá þeim tíma er aðalstefndi hafi gegnt stöðu verslunarstjóra verið í miklum ólestri og engar haldbærar skýringar fengist frá aðalstefnda hvers vegna reikninga hafi vantað vegna viðskipta og hvers vegna reikningar séu ógreiddir í bókhaldi þrátt fyrir yfirlýsingar viðskiptamanna um annað. Sé því ljóst að aðalstefndi hafi valdið aðalstefnanda fjártjóni með háttsemi sinni. Aðalstefndi hafi vísvitandi og af ásetningi hagnast á kostnað aðalstefnanda með því að draga sér fé.

Aðalstefnandi gerði upphaflega þá kröfu að aðalstefnda yrði gert að greiða honum 2.353.213 krónur og byggði þá kröfu á því að aðalstefndi hefði í átta tilvikum dregið sér fé sem borið hefði aðalstefnanda. Við upphaf aðalmeðferðar var fallið frá tveimur af þessum liðum og standa því eftir sex liðir sem aðalstefnandi sundurliðar með eftirfarandi hætti: Í fyrsta lagi listaverð á 15 tonnum af gerðinni Fjölmóða 3, 1.036.436 krónur, í öðru lagi umsamið kaupverð fjórhjól af gerðinni Mustang, 350.000 krónur, í þriðja lagi umsamið kaupverð áburðarins Græðir 9, 258.310 krónur, í fjórða lagi umsamið kaupverð fjórhjól af gerðinni Junior, 100.000 krónur, í fimmta lagi greiðsla vegna viðgerðar á fjórhjól af gerðinni Leopard, 77.000 krónur og í sjötta lagi viðgerðarkostnaður fjórhjól af gerðinni Panther, 75.024 krónur.

Að því er áburðinn varðar byggir aðalstefnandi á því að aðalstefndi hafi viðurkennt að hafa látið losa gallaðan áburð við verslun aðalstefnanda á Hvolsvelli og flutt hann til föður síns þar sem áburðurinn hafi verið nýttur þar í stað þess að flytja hann til Þorlákshafnar eins og fyrirskipað hefði verið. Þar sem aðalstefnandi hafi ekki haft tök á því að meta galla sem á áburðinum hafi verið miði hann kröfu sína við listaverð á sambærilegum áburði.

Aðalstefnandi byggir á yfirlýsingu viðskiptavinar síns, Gunnars Þorgilssonar, sem keypt hafi Mustang fjórhjól af aðalstefnanda haustið 2007 á 350.000 krónur. Hafi aðalstefndi gengið frá eigendaskiptum að hjólinu og tekið við greiðslum í tvennu lagi, 150.000 krónur þann 19. október 2007 og 200.000 krónur 23. október sama ár. Gunnar segi um reikningslaus viðskipti að ræða og hafi hann enga kvittun fengið. Aðalstefnandi byggir á því að engar færslur séu til í bókhaldi sínu vegna þessara viðskipta og hafi honum engar greiðslur borist vegna þeirra. Liggi því fyrir lögfull sönnun þess að aðalstefndi hafi tekið við greiðslunum og ráðstafað þeim í eigin þágu.

Að því er áburð af gerðinni Græðir 9 varðar byggir aðalstefnandi á því að viðskiptavinur aðalstefnanda, Jón Gunnar Karlsson, hafi keypt áburð af þessari gerð í verslun stefnanda um áramótin 2007-2008 og í maí 2008 og hafi hann greitt aðalstefnda 258.310 krónur í reiðufé. Hafi verið útbúinn sölureikningur og hafi Jón þá talið að viðskiptunum væri lokið þrátt fyrir að hann hafi ekki fengið afhenta sölukvittun. Aðalstefnandi byggir á því að samkvæmt bókhaldi hans standi Jón enn í skuld við hann og hafi fyrrgreind fjárhæð því aldrei borist aðalstefnanda. Aðalstefndi hafi ekki gefið viðhlítandi skýringar á því hvað orðið hafi um peningana og verði því að telja að hann hafi ráðstafað þeim í eigin þágu.

Viðskiptavinur aðalstefnanda, Georg Már Baldursson, hefur gefið yfirlýsingu þess efnis að hann hafi keypt fjórhjól af gerðinni Junior af aðalstefnda í nóvember 2007. Hafi verið um sýningarhjól að ræða og umsamið verð 100.000 krónur sem

Georg segist hafa greitt út í hönd. Ekkert sé að finna í viðskiptabókhalda aðalstefnanda um þessi viðskipti og sé því í ljós leitt að aðalstefndi hafi ráðstafað greiðslunni í eigin þágu.

Viðskiptavinur aðalstefnanda, Hallgrímur Arnar Jónsson, hefur gefið yfirlýsingu þess efnis að hann hafi greitt aðalstefnda 90.000 krónur í reiðufé fyrir viðgerð á fjórhjól af gerðinni Leopard. Engin kvittun virðist hafa verið gefin út vegna viðskiptanna og hafi umrædd fjárhæð ekki skilað sér í bókhald aðalstefnanda. Byggir aðalstefndi á því að aðalstefnandi hafi ráðstafað fjárhæðinni í eigin þágu. Endanleg kröfugerð vegna þessa liðar er 77.000 krónur.

Viðskiptavinur aðalstefnanda, Halla Vilbergsdóttir, hefur gefið yfirlýsingu þess efnis að hún hafi keypt fjórhjól af gerðinni Panther á 100.000 krónur og hafi hún innt greiðsluna af hendi til aðalstefnda. Engar upplýsingar sé að finna í bókhaldi aðalstefnanda og telur hann því hjólið enn í sinni eigu. Halla hafi komið með hjólið í viðgerð stuttu eftir viðskiptin og hafi það þarfnast mikilla lagfæringa. Aðalstefnandi byggir á því að aðalstefndi hafi áður en salan hafi farið fram notað hjólið í eigin þágu og krefst endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar, 75.024 krónur.

Aðalstefnandi vísar til grunnreglna skaðabótaréttar um að tjónvaldur bæti það tjón sem hann valdi með saknæmum og ólögumætum hætti. Dráttarvaxtakröfur eru reistar á 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001.

### **Málsástæður og lagarök aðalstefnda.**

Aðalstefndi byggir á því að aðalstefnandi leggi upp með málsatvik sem í flestum tilvikum séu röng og álykti að aðalstefndi beri fjárhagslega ábyrgð á því ef vörur vanti samkvæmt bókhaldi hans. Sú meginregla gildi í vinnurétti að starfsmenn beri ekki persónulega ábyrgð á tjóni sem vinnuveitandi geti orðið fyrir vegna mistaka starfsmanna, hvort sem er vegna vöntunar á vöru á lager eða annarra atvika. Þá geti aðalstefnandi ekki byggt á almennu sakarreglunni nema sýnt sé fram á að um sök sé að ræða.

Að því er áburðinn varðar byggir aðalstefndi á því hvorki aðalstefnandi né aðrir hafi gefið neinar fyrirskipanir um að áburðurinn ætti að fara til Þorlákshafnar. Um hafi verið að ræða gallaðan áburð sem kaupandi hafi ekki viljað hafa hjá sér og hafi hann óskað eftir því að hann yrði fjarlægður. Í stað þess að leggja út í mikinn kostnað við förgun áburðarins hafi aðalstefndi fengið föður sinn og föðurbróður til þess að farga honum. Áburðurinn hafi verið gallaður og hafi fengist að fullu bættur hjá tryggingafélagi aðalstefnanda. Krafa aðalstefnanda byggi á verði fyrir nýjan áburð en ekkert verðmæti hafi verið í hinum gallaða áburði. Beri því að sýkna aðalstefnda enda ekki um neitt tjón að ræða heldur ráðstöfun í þágu aðalstefnanda sem aðalstefndi hafi haft fulla heimild til.

Aðalstefndi byggir á því að hann hafi aldrei tekið á móti greiðslu vegna fjórhjóls af gerðinni Mustang. Annar starfsmaður hafi viðurkennt að hafa tekið á móti umslagi frá kaupanda hjólsins í nóvember 2007 en hann hafi ekki kannað

hvort peningar væru í umslaginu. Hafi þar verið peningar hafi þeir farið í gegnum kassauppgjör eins og allar færslur í versluninni. Geti aðalstefndi því ekki borið ábyrgð á því að ekki sé hægt að sjá umræddar færslur í bókhaldinu, en hann minnir á að oft hafi liðið langur tími þar til innlegg hafi verið lögð í banka.

Aðalstefndi neitar því að hafa tekið við fjármunum úr hendi kaupanda áburðar af gerðinni Græðir 9 og bendir á að honum hafi verið gefið að sök að hafa tekið við umræddum greiðslum þremur dögum eftir að hann hætti störfum. Kaupandinn hafi sjálfur skýrt svo frá að hann hafi fengið kvittun frá aðalstefnanda en sú kvittun liggja ekki fyrir í málinu og því fráleitt að gera kröfu á hendur aðalstefnda af þessum sökum. Þá bendir aðalstefndi á að umrædd viðskipti hafi verið skráð og afgreidd af öðrum sölumanni og geti hann ekki borið ábyrgð á mistökum sem átt hafi sér stað í bókhaldi aðalstefnanda.

Við aðalmeðferð málsins viðurkenndi aðalstefndi greiðsluskyldu sína vegna fjórhjól af gerðinni Junior.

Að því er fjórhjól af gerðinni Leopard varðar kannast aðalstefndi við að hann hafi tekið að sér að gera við það heima hjá sér í eigin frítíma og hafi hann fengið greiðslu beint fyrir viðgerðina. Hann byggir á því að það hafi ekki verið hluti af starfsskyldum hans að gera við fjórhjól og því eðlilegt að hann hafi beint kröfu fyrir þá vinnu til þess sem beðið hefði um að verkið væri unnið. Af þessum sökum sé enginn grundvöllur fyrir kröfu aðalstefnanda um endurgreiðslu á hendur aðalstefnda vegna umræddrar viðgerðar.

Aðalstefndi byggir á því að hann hafi ekki selt fjórhjól af gerðinni Panther. Kaupandinn hafi lagt kaupverðið inn á reikning hans en hann hefði gert henni grein fyrir að um mistök væri að ræða og hafi hann endurgreitt kaupandanum fjárhæðina. Aðalstefndi beri ekki ábyrgð á því að hjólið hafi farið í viðgerð hjá aðalstefnanda, enda verði ekki séð hvert tjón aðalstefnanda sé þar sem hjólið sé í fórum hans og hafi hann neitað að afhenda það nema gegn greiðslu viðgerðarkostnaðar.

Aðalstefndi byggir á meginreglum kröfuréttar, skaðabótalögum nr. 50/1993 og krafa um málskostnað er reist á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

## **Málsástæður og lagarök gagnstefnanda.**

Gagnstefnandi byggir á því að það sé í andstöðu við ákvæði orlofslaga nr. 30/1987 og meginreglur vinnuréttar að fella ógreitt orlof inn í uppsagnarfrest. Gagnstefnandi hafi áunnið sér þriggja mánaða uppsagnarfrest og eigi því rétt á launagreiðslum fyrir júní, júlí og ágúst 2008, 354.450 krónur á mánuði. Samkvæmt 6. gr. kjarasamnings VÍ og SA sé orlofsréttur gagnstefnanda 28 dagar á ári eða 12,07%. Gagnstefnandi hafi ekki nýtt sér frítökurétt sinn við starfslok nema að óverulegu leyti. Ekki hafi fengist upplýsingar úr launabókhaldi gagnstefnda að því er orlofstöku varði og sé því gerð krafa um fullt orlof, eða 28 daga vegna orlofsársins 2007/2008. Sé miðað við mánaðarlaun áður en kjarasamningsbundin

launahækkun hafi átt sér stað og nemi því orlofskrafa 434.149 krónum auk orlofsuppbótar samkvæmt gr. 1.4 í áðurgreindum kjarasamningi, eða 23.000 krónum.

Gagnstefnandi bendir á að hvað sem líði þeim hegningarlaga brotum sem hann hafi verið sakfelldur fyrir beri gagnstefnda að standa við ákvæði kjarasamninga og greiða gagnstefnanda bæði laun og áunnið orlof. Gagnstefndi hafi einungis greitt 327.050 krónur 1. september 2008 en frekari greiðslur hafi ekki átt sér stað. Hafi gagnstefndi því einhliða og á ólögmetan hátt haldið eftir launagreiðslum til gagnstefnanda. Þá hafi ekki verið greitt orlof sem greiða hafi átt við starfslok, sbr. 8. gr. laga um orlof, en orlofskrafa vegna orlofsársins 2008/2009 nemi 163.567 krónum og orlofsuppbót vegna sama tímabils nemi 8.100 krónum. Þá nemi desemberuppbót 29.400 krónum. Að frádreginni innborgun gagnstefnda 1. september 2008 nemi krafa gagnstefnanda því 1.394.516 krónum.

Gagnstefnandi vísar til orlofslaga nr. 30/1987, laga um greiðslu verkkaups nr. 28/1930, meginreglna kröfuréttar og vinnuréttar, kjarasamninga Verkstjórafélags Íslands og vinnuveitenda og bókanir sem teljist hluti kjarasamninga. Vaxtakröfur eru reistar á reglum III. og IV. kafla laga nr. 38/2001 og krafa um málskostnað er byggð á 1. mgr. 130. gr., sbr. 129. gr. laga nr. 91/1991.

### **Málsástæður og lagarök gagnstefnda.**

Gagnstefndi byggir aðalkröfu sína um sýknu á því að gagnstefnandi hafi í starfi sínu fyrir gagnstefnda gerst sekur um refsiverða háttsemi og sviksamlegt framferði og hafi því fyrirgert rétti sínum til launa, orlofs o.fl. í uppsagnarfresti. Þegar ráðningarsamningi við gagnstefnanda hafi verið sagt upp í lok maí 2008 hafi eðli brota sem hann hafi verið talinn hafa framið í starfi sínu ekki legið fyrir. Með hliðsjón af þeim brotum sem hann hafi verið sakfelldur fyrir í Hæstarétti sé hafið yfir allan vafa að skilyrði riftunar hafi verið fyrir hendi þegar ráðningarsamningnum hafi verið sagt upp. Í kröfurétti sé viðurkennd sú regla að rifta viðvarandi samningssambandi ex tunc sé um að ræða sviksamlegt framferði starfsmanns. Eigi slíkt bersýnilega við í þessu máli þar sem gagnstefnandi hafi valdið gagnstefnda stórfelldu tjóni í starfi sínu sem verslunarstjóri með sviksamlegri og refsiverðri háttsemi. Jafnvel þótt gagnstefndi hafi ekki verið meðvitaður um að slík skilyrði hafi verið fyrir hendi þegar ráðningarsamningnum hafi verið sagt upp eigi það ekki að leiða til þess að slíkur réttur sé ekki lengur fyrir hendi með tilliti til eðlis brotanna og leynd þeirra.

Gagnstefndi byggir á því að riftunaráhrifin beri að miða við þann tíma sem brot gagnstefnanda í starfi hófust, eða um vorið 2007. Af því leiði að gagnstefnandi eigi ekki rétt á launum, orlofi og fl. í uppsagnarfresti þar sem hann hafi fyrirgert þeim rétti með refsiverðri háttsemi sinni í starfi eins og staðfest hafi verið í dómi Hæstaréttar. Er gagnstefnanda hafi verið sagt upp störfum í lok maí 2008 hafi hann áunnið sér 2.33 daga í orlof, samtals 38.111 krónur og hafi gagnstefndi gert þá skuld upp með greiðslu á 327.050 krónum. Þá telur gagnstefndi sig hafa staðið skil á áunninni orlofs- og desemberuppbót til handa gagnstefnanda

fram að þeim tíma er ráðningarsamningi hafi verið rift. Eigi gagnstefnandi því ekki frekari kröfur á hendur gagnstefnda.

Gagnstefndi rökstyður varakröfu sína með sama hætti og að framan greinir og telur að líta beri til allra aðstæðna og atvika málsins í heild sinni og a.m.k. eigi að draga frá dómkröfum þann frítökurétt sem gagnstefnandi hafi nýtt sér fyrir orlofsárið 2007/2008, eða samtals 32 daga. Hafi gagnstefnandi því tekið fjórum dögum umfram það sem hann hafi átt rétt á. Þá ítrekar gagnstefndi að með greiðslu á 327.050 krónum 1. september 2008 hafi gagnstefndi fengið greitt fyrir þá 6 orlofsdaga sem hann hafi áunnið sér vegna orlofsársins 2008/2009 auk orlofs- og desemberuppótar. Þá undirstrikar gagnstefndi hve alvarlegt trúnaðarbrot gagnstefnanda hafi verið í starfi og leiði slíkt ekki til sýknu ætti slíkt að öllu jöfnu að leiða til verulegrar lækkunar á dómkröfum.

Gagnstefndi vísar til meginreglna vinnuréttar og samninga- og kröfuréttarins, einkum reglna um riftun og önnur vanefndaúrræði. Krafa um málskostnað er reist á 130. gr. laga nr. 91/1991.

### **Niðurstaða í aðalsök.**

Aðalstefnandi krefst í máli þessu skaðabóta úr hendi aðalstefnda á þeim grundvelli að aðalstefndi hafi vísvitandi og af ásetningi dregið sér fé frá aðalstefnanda er hann starfaði í verslun aðalstefnanda sem verslunarstjóri. Aðalstefnandi reisti kröfur sínar í upphafi á átta tilvikum en hefur fallið frá tveimur liðum í kröfugerð sinni og standa því eftir sex tilvik er varða meðferð fjármuna og aðalstefnandi telur að aðalstefndi hafi ráðstafað í eigin þágu.

Að því er hinn gallaða áburð varðar hefur aðalstefndi viðurkennt að hafa ráðstafað honum til föður síns og föðurbróður. Hafi verið um gallaðan áburð að ræða sem kaupandi hafi ekki viljað hafa hjá sér og hafi hann óskað eftir því að hann yrði fjarlægður. Í stað þess að leggja út í mikinn kostnað við förgun áburðarins hafi aðalstefndi því fengið föður sinn og föðurbróður til þess að farga honum. Í sakamálinu á hendur gagnstefnda var komist að þeirri niðurstöðu að hann hafi ekki sýnt fram á að hann hafi í starfi sínu haft heimild til að ráðstafa áburðinum með framangreindum hætti. Var hann því talinn hafa gerst sekur um þjófnað skv. 244. gr. almennra hegningarlaga. Tekið er fram í dóminum að af framburði vitna verði ráðið að jafnvel þótt galli hafi komið fram í áburði, þannig að erfitt sé að dreifa honum með áburðardreifara, sé oft hægt að nýta slíkan áburð með einhverjum hætti. Þótti því ekki nægilega sýnt fram á að ástand áburðarins hafi verið slíkt að hann hafi í raun misst það fjárgildi sem hann áður hafi sannanlega haft.

Kemur þá til skoðunar hvort sú háttsemi aðalstefnda að nýta sér áburðinn í eigin þágu hafi valdið aðalstefnanda tjóni. Aðalstefndi byggir á því að áburðurinn hafi verið gallaður og hafi fengist að fullu bættur hjá tryggingafélagi aðalstefnanda. Þá byggja krafa aðalstefnanda á verði fyrir nýjan áburð en ekkert verðmæti hafi verið í hinum gallaða áburði. Fyrirsvarsmaður aðalstefnanda, Ásmundur Bjarni Árnason, skýrði svo frá fyrir dómi við rekstur sakamálsins að

hann vissi ekki betur en að tjónið hafi fengist bætt frá tryggingafélaginu en hann kvaðst ekki vita hvernig tjónið hafi verið metið. Um hafi verið að ræða áburð úr sendingu í tveimur skipum sem lent hafi í sjótjóni. Hér fyrir dómi staðfesti hann að bætur hafi fengist fyrir áburðinn en gat ekki fullyrt hvort áburðurinn sem aðalstefndi ráðstafaði væri þar innifalinn enda hafi ekki gefist færi til að meta ástand þess áburðar.

Með hliðsjón af því sem fram hefur komið í máli þessu og með vísan til framangreindrar niðurstöðu í sakamálinu verður að telja nægilega upplýst að umræddur áburður hafi verið gallaður. Ljóst er að aðalstefndi ráðstafaði áburðinum í heimildarleysi og fer aðalstefnandi fram á bætur fyrir áburðinn og byggir kröfu sína á verðskrá fyrir ógallaðan áburð. Þá liggur fyrir að umræddur áburður var hluti sendingar sem lenti í sjótjóni og upplýst hefur verið að tjónabætur hafi fengist af þeim sökum frá tryggingafélagi aðalstefnanda. Það er meginregla í skaðabótarétti að tjónþoli verður að sanna umfang þess fjártjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir. Þá er það einnig meginregla að fái tjónþoli bætur frá þriðja manni ber honum að sæta samsvarandi lækkun á bótakröfu sinni. Aðalstefnandi hefur ekki gert grein fyrir þeim bótum sem hann hefur fengið vegna sjótjónsins og þá er óupplýst hvort áburður sá er aðalstefndi nýtti sér hafi verið bættur að einhverju leyti eða öllu. Verður því að telja þennan kröfulið það vanreifaðan að ekki verði hjá því komist að vísa honum frá dómi.

Aðalstefnandi krefst bóta úr hendi aðalstefnda vegna fjórhjóls af gerðinni Mustang sem Gunnar Þorgilsson segist hafa keypt á 350.000 krónur. Hér fyrir dómi skýrði Gunnar svo frá að hann hafi greitt fyrir hjólið í tvennu lagi og hafi aðalstefndi tekið við greiðslunum. Aðalstefndi var sýknaður af ákæru fyrir fjárdrátt en honum hafði í umræddu sakamáli verið gefið að sök að hafa ekki gert skil á andvirði hjólsins og ráðstafað því í eigin þágu. Í því máli var talið sannað að aðalstefndi hafi gengið frá sölu hjólsins til Gunnars en þrátt fyrir það og jafnvel þótt staðhæfingar Gunnars um greiðslurnar til aðalstefnda væru í sjálfu sér trúverðugar væri til þess að líta að þær studdust ekki við nein önnur gögn. Aðalstefnandi hefur í máli þessu ekki lagt fram frekari gögn sem sýna fram á ábyrgð aðalstefnda að þessu leyti og verður hann því sýknaður af þessum kröfulið.

Aðalstefnandi krefst bóta úr hendi aðalstefnda vegna áburðar af gerðinni Græðir 9 en fullyrt er í stefnu að Jón Gunnar Karlsson staðhæfi að hann hafi greitt aðalstefnda fyrir áburðinn með 258.310 krónum í reiðufé. Hér fyrir dómi skýrði Jón Gunnar svo frá að hann hafi greitt 258.310 krónur í reiðufé er hann sótti viðbótarsekki af áburði í verslun aðalstefnanda. Hann kvaðst hafa innt greiðsluna af hendi á skrifstofu aðalstefnanda og kvað hann aðalstefnda hafa verið viðstaddan þar. Hann kvaðst ekki hafa fengið kvittun vegna þeirrar greiðslu og hann gat ekki staðfest að aðalstefndi hafi tekið við greiðslunni. Aðalstefndi var sýknaður af ákæru fyrir fjárdrátt en honum hafði í umræddu sakamáli verið gefið að sök að hafa ekki gert skil á andvirði áburðarins og ráðstafað því í eigin þágu. Var byggt á því að framburður Jóns Gunnars um afhendingu peningagreiðslunnar til aðalstefnda væri ekki studdur neinum öðrum gögnum. Með hliðsjón af framburði Jóns Gunnars hér fyrir dómi og með vísan til þess að aðalstefnandi hefur í máli þessu ekki lagt fram nein frekari gögn sem sýna fram á ábyrgð aðalstefnda að þessu leyti, verður ekki hjá því komist að sýkna hann af þessum kröfulið.

Aðalstefndi hefur viðurkennt bótaábyrgð sína að því er varðar kröfu aðalstefnanda um bætur vegna móttöku og ráðstöfun hans á andvirði fjórhjóls af gerðinni Junior, 100.000 krónur. Verður krafa aðalstefnanda af þeim sökum því tekin til greina.

Aðalstefnandi hefur krafist aðalstefnda um bætur vegna viðgerðar sem fram hafi farið á fjórhjóli af gerðinni Leopard og er á því byggt í stefnu að viðgerðin hafi verið framkvæmd á starfsstöð aðalstefnanda af starfsmönnum hans. Hafi aðalstefndi tekið við greiðslu fyrir viðgerðina og ráðstafað henni í eigin þágu. Í framangreindu sakamáli var aðalstefndi sýknaður af ákæru fyrir fjárdrátt vegna framangreindrar ráðstöfunar fjárins. Hér fyrir dómi kannast aðalstefndi við að hafa tekið að sér að gera við hjólið heima hjá sér í eigin frítíma og hafi hann fengið greiðslu beint fyrir viðgerðina. Hann byggir á því að það hafi ekki verið hluti af starfsskyldum hans að gera við fjórhjól og því eðlilegt að hann hafi beint kröfu fyrir þá vinnu til þess sem beðið hafi um að verkið væri unnið. Í sakamálinu var á því byggt að ekkert lægi fyrir um það í málinu hvort umrædd viðgerð hafi í raun verið framkvæmd á verkstæði aðalstefnanda. Verður því að telja ósannað í þessu máli að greiða hafi átt aðalstefnanda fyrir viðgerðina og þar sem hann hefur í máli þessu ekki lagt fram nein frekari gögn sem sýna fram á ábyrgð aðalstefnda að þessu leyti, verður ekki hjá því komist að sýkna hann af þessum kröfufulið.

Aðalstefnandi krefst endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar, 75.024 krónur og byggir á því að aðalstefndi hafi notað fjórhjól af gerðinni Panther í eigin þágu áður en það hafi verið selt Höllu Vilbergsdóttur og krefst endurgreiðslu viðgerðarkostnaðar. Þessi ráðstöfun aðalstefnda var ekki til úrlausnar í sakamálinu en í því máli var hann sakfelldur fyrir fjárdrátt með því að hafa mótttekið 100.000 króna greiðslu fyrir hjólið og ráðstafað henni í eigin þágu. Aðalstefnandi byggir á því að aðalstefndi hafi áður en hjólið hafi verið selt tekið það heim til sín og nýtt það í eigin þágu og hafi hjólið þarfnast mikilla lagfæringa eftir heimildarlausu notkun aðalstefnda. Aðalstefndi hefur mótmælt fullyrðingum aðalstefnanda og telur sig ekki bera ábyrgð á því að hjólið hafi farið í viðgerð hjá aðalstefnanda. Samkvæmt reikningi er fyrir liggur í málinu er efniskostnaður samtals 35.360 krónur án virðisaukaskatts og þar af er kúpling 32.562 krónur án virðisaukaskatts. Engin gögn hafa verið lögð fram sem sýna fram á að aðalstefndi beri ábyrgð á framangreindum viðgerðarkostnaði. Verður hann því sýknaður af þessum ákærulið.

Niðurstaðan í aðalsök verður því sú að aðalstefndi skal greiða aðalstefnanda 100.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1.mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. desember 2008 til greiðsludags.

### **Niðurstaða í gagnsök.**

Með uppsagnarbréfi dagsettu 30. maí 2008 var gagnstefnanda tilkynnt sú ákvörðun gagnstefnda að segja upp gildandi ráðningarsamningi við gagnstefnanda sem verslunarstjóri í verslun fyrirtækisins á Hvolsvelli. Miðaðist uppsögnin við 31. maí sama ár og uppsagnarfrestur var 3 mánuðir. Þá tók gagnstefndi þá ákvörðun að

fella inn í uppsagnarfrest allt áunnið óúttekið orlof vegna fyrri orlofsára. Eftir starfslok gagnstefnanda vaknaði grunur um að hann hafi gerst sekur um alvarleg brot í starfi og fór fram lögreglurannsókn af því tilefni. Sú rannsókn leiddi til útgáfu ákæru í sjö liðum og var gagnstefnandi sakfelldur fyrir þrjá ákæruliði en sýknaður af fjórum ákæruliðum. Gagnstefnandi var sakfelldur fyrir þjófnað með því að hafa tekið 15 tonn af gölluðum áburði hjá fyrirtækinu og nýtt í eigin þágu án þess að greiða fyrir hann. Þá var hann einnig sakfelldur fyrir tvö fjárdráttarbrot með því að hafa í tvö skipti mótttekið greiðslu að fjárhæð 100.000 krónur í hvort sinn inn á reikning fyrir barnafjórthjól, sem kaupendur fengu send, án þess að hafa gert skil á peningum við gagnstefnda, eiganda þeirra. Í gagnsök krefst gagnstefnandi þess að gagnstefndi standi honum skil á launum í uppsagnarfresti auk orlofs, orlofsuppbótar og desemberuppbótar. Gagnstefndi hafnar greiðsluskyldu sinni með þeim rökum að gagnstefnandi hafi gerst sekur um refsiverða háttsemi og sviksamlegt framferði og hafi því fyrirgert rétti sínum til launa, orlofs o.fl. í uppsagnarfresti.

Í aðalsök hefur verið komist að þeirri niðurstöðu að gagnstefnanda beri að standa gagnstefnda skil á bótum vegna móttöku og ráðstöfun hans á andvirði fjórthjól af gerðinni Junior, 100.000 krónur. Þá var vísað frá dómi kröfu aðalstefnanda í aðalsök um bætur vegna ráðstöfunar gagnstefnanda á 15 tonnum af skemmdum áburði, en í sakamálinu hafði gagnstefnandi verið fundinn sekur um þjófnað á áburðinum. Kemur þá til skoðunar hvort framferði gagnstefnanda hafi verið með þeim hætti að gagnstefnda hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi aðila. Gagnstefnandi varð uppvís að refsiverðri háttsemi í starfi sínu með þeim afleiðingum að hann hlaut þriggja mánaða skilorðsbundið fangelsi en ekki var upplýst um atvik þau er leiddu til dómsins fyrr en eftir að gagnstefnanda hafði verið sagt upp störfum með tilteknum uppsagnarfresti. Telja verður að gagnstefnandi hafi með framferði sínu gerst sekur um það alvarleg brot í starfi sínu að gagnstefnda hafi verið heimilt að víkja honum fyrirvaralaust úr starfi og rifta ráðningarsamningi hans. Verður kröfum gagnstefnanda um launagreiðslur í uppsagnarfresti því hafnað.

Kemur þá til skoðunar hvort gagnstefndi eigi eftir að standa gagnstefnanda skil á orlofsgreiðslum, orlofsuppbót og desemberuppbót. Við úrlausn þess álitaefnis verður við það miðað að gagnstefnandi eigi ekki rétt á launagreiðslum eftir 1. júní 2008 og miðast réttur hans til orlofs, orlofsuppbótar og desemberuppbótar við það tímamark. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. orlofslaga nr. 30/1987 er orlofsárið frá 1. maí til 30. apríl og samkvæmt 1. mgr. sömu lagagreinar skal orlof vera tveir dagar fyrir hvern unninn mánuð á síðasta orlofsári. Gagnstefndi virðist fallast á að gagnstefnandi hafi áunnið sér 2.33 daga í orlof er honum hafi verið sagt upp störfum í lok maí 2008, eða 38.111 krónur. Gagnstefnandi á hins vegar ekki rétt á frekari orlofsgreiðslum vegna orlofsársins 2008/2009. Kröfur gagnstefnanda um greiðslu orlofsuppbótar vegna orlofsársins 2007/2008, 23.000 krónur og vegna orlofsársins 2008/2009, 8.100 krónur og desemberuppbót, 29.400 krónur, virðast ekki sæta andmælum af hálfu gagnstefnda og verða þær teknar til greina. Gagnstefndi byggir á því að gagnstefnandi hafi þegar tekið sér 32 orlofsdaga á orlofsárinu 2007/2008 og vísar til gagna sem stafa frá gagnstefnanda og benda til þess að hann hafi tekið 6 daga í orlof frá 11. júní til 19. júní 2007, 20 daga frá 16. júlí til 13. ágúst sama ár, 5 daga frá 8. október til 15. október sama ár og 1 dag 21. janúar 2008. Samkvæmt orlofslögum vinna menn sér inn rétt til orlofs á næsta orlofsári með vinnuframlagi á orlofsárinu. Liggur því beinast við að ætla

að framangreind orlofstaka hafi verið vegna orlofsársins 2006/2007 en ekki orlofsársins 2007/2008. Ekki hefur verið sýnt fram á að gagnstefnandi hafi tekið neitt orlof vegna síðargreinda orlofsársins og verður orlofskrafa hans að þessu leyti því tekin til greina.

Niðurstaðan í gagnsök verður því sú að gagnstefndi ber að standa gagnstefnanda skil á 532.760 krónum ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. maí 2008 til greiðsludags að frádreginni innborgun 1. september 2008, 327.020 krónur.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður í aðalsök og gagnsök falli niður.

Hjörtur O. Aðalsteinsson dómstjóri kvað upp dóminn. Dómsuppkvaðning hefur dregist fram yfir lögbundinn frest en dómari og lögmenn aðila töldu ekki þörf endurflutnings.

## **DÓMSORÐ:**

Vísað er frá dómi kröfu aðalstefnanda, Fóðurlöndunnar hf., um skaðabætur úr hendi aðalstefnda, Páli Vigni Viðarssyni, vegna ráðstöfunar hans á áburði af tegundinni Fjölmóður 3.

Í aðalsök greiði aðalstefndi aðalstefnanda 100.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 7. desember 2008 til greiðsludags.

Í gagnsök greiði gagnstefndi, Fóðurblandan hf., gagnstefnanda, Páli Vigni Viðarssyni, 532.760 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. maí 2008 til greiðsludags að frádreginni innborgun 1. september 2008, 327.020 krónur.

Málskostnaður fellur niður í aðalsök og gagnsök.

Hjörtur O. Aðalsteinsson.